



Kópavogi, 29.febrúar 2024

Efni: Tillögur að áherslum forvarnarsjóðs og tímasetningar vegna úthlutunar úr sjóðnum 2024.

Tillaga að áherslu menntaráðs 2024

Lögð verði áhersla á verkefni sem tengjast greinum Barnasáttmálans, Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, málefni barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- menningarlegan bakgrunn og Menntastefnu Kópavogsbæjar.

Eftirfarandi áherslur verða hafðar að leiðarljósi við val á verkefnum:

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

2.gr.

Almenn þjónusta í þágu farsældar barns: Allt skipulagt starf annarra en þjónustuveitenda sem á þátt í að stuðla að farsæld barns, t.d. þjónusta sjálfstætt starfandi sérfræðinga, íþrótta-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi frjálsra félaga- og hagsmunasamtaka.

Menntastefna Kópavogsbæjar

M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvörðunartöku

Markviss uppbygging þekkingar, hæfni og viðhorfa styrkja getu barna til að vera gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Með ástundun lýðræðis í öllu námi eflist félagshæfni og börn læra að hlusta og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum og móta sínar eigin. Sérstaklega verði hugað að mótun leiða til að hlusta á raddir barna og þau hvött til áhrifa og ábyrgðar um málefni sem varða þeirra eigið líf, nám og mótum samfélags.

M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

Samfélagsþátttaka krefst þekkingar og skilnings á ólíkum menningarheimum, færni í framkomu og samskiptum, umburðarlyndis og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Áhersla er á öll börn verði læs á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Gott aðgengi að upplýsingum fyrir íbúa sem ekki hafa íslensku að móðurmáli skal sérstaklega tryggt og útfærsla leiða við móttöku nýrra íbúa stuðla að góðri aðlögun og vellíðan. Viðhaft verði skipulagt samráð við fjölskyldur barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn um nám

í leik- og grunnskóla, virkar þátttöku í frístunda- og íþróttasarfi og hvers kyns menningarstarfi.

Barnvænt sveitarfélag

Kópavogsbær er komin í alþjóðlegan hóp barnvænna sveitarfélaga. Kópavogsbær sinnir metnaðarfullri vinnu við að viðhalda viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag. Sem barnvænt sveitarfélag er rík áhersla á að vinna eftir greinum Barnasáttmáls og er þá sérstaklega horft til grunnstoða Barnasáttmálans, sem eru eftirfarandi greinar;

- 2.grein sem fjallar um jafnræði og enga mismun.
- 3.grein sem fjallar um að við gerum ávallt það sem er barninu fyrir bestu.
- 6.grein sem fjallar um rétt barns til að lifa og þroskast.
- 12.grein sem fjallar um rétt barns til að tjá sig.

Tillaga að tímasetningum:

- Auglýst verði eftir umsóknum 20. mars 2024.
- Umsóknarfrestur verði til og með 17. apríl 2024.
- Valnefnd fundar 24. apríl, niðurstöður lagðar fyrir menntaráð 21. maí 2024.
- Afhending styrkja verði stefnt að 2. maí/júní kl. 17:00.

Annað:

- Kjósa valnefnd á menntaráðsfundi, samkv. reglum forvarnarsjóðs.
- Mikilvægt að menntaráðsmenn dreifi auglýsingu.

Virðingarfyllst,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeild